

Raforkumálastjóri
Vatnamælingar

Skilagrein 188

V A T N S R É T T I N D I

H V Í T Á R

Reykjavík, 28. des. '59
S.Rist

VATNSRÉTTINDI HVÍTÁR

Hinn 20. desember kom ég að Braðratungu og hitti Skúla Gunnlaugsson, bónda, að málí. Við ræddum um heima og geima og barst talið að vatnsréttindum Hvítár. Skúli lék á als oddi, er hann fór að rifja upp gamlar endurminningar frá þeim tíma, er Sleipnisfélagið keypti vatnsréttindi Hvítár og þverá hennar. Skúli sagði, að Sleipnir hefði starfað sem hlutafélag, en aldrei hefði það verið skráð, hvorki í Árnessýslu né Reykjavík. Málsmetandi og slyngur lögfræðingur hafði ráðlagt þeim félögum að skrá ekki hlutafélagið sökum þess, að það hefði aðeins haft í för með sér útgjöld mikil, ef það drægist á langinn, að virkjað yrði. Þeir voru fjórir, sem mest kvað að í þessum félagsskap, skozkur síldarkaupmaður, Copland, var aðal-fjármálamaðurinn, en auk hans lagði fram verulegan hluta Elías Stefánsson, útgerðarmaður, ættaður úr Árnessýslu, og hinir tveir voru þeir Gestur Einarsson á Hæli og Skúli Gunnlaugsson, Braðratungu, sem rifjaði nú upp þessa liðnu daga. Kaupin fóru öll fram fyrir 1918 og þeir félagar áttu von á skjótum gróða. Þetta fór á annan veg. Copland varð gjaldþrota og þá voru flest bréfin í hans höndum og Íslandsbankinn tók þau upp í skuld, en nokkrum bréfum hélt Skúli eftir, mér skildist það, sem hefði átt með réttu lagi að falla í hlut hans innan þessa félagsskapar. Skúli sagðist tylla þeim á skattaskýrslu sína sem nær verðlausri eign og geyma bréfin í sínu skjalasafni. Hann sagðist líta svo á, að ríkið setti að taka við þessu, kaupa þetta, en ekki nefndi hann neinar upphæðir, og ég ræddi það ekki neitt frekar á þeim grundvelli. Þá sagðist hann oft hafa gert ítrekaðar tilraunir til að vita hvað hefði orðið af hinum bréfunum. Þau lento öll í Íslandsbanka eins og áður er sagt, og þar á meðal bréf Gests á Hæli, skildist mér, en þegar hann féll frá, lento bréfin þangað, eða voru komin í hendur Coplands og Elíasar áður en Gestur andaðist.

En það hefur gengið treglega, sagði Skúli, Íslandsbanki valt um, eins og kunnugt er, og upp úr því bankahruni var Útvegsbankinn stofnaður og Skúli sagði, að lögfræðingur hins nýja Útvegsbanka hefði vitað um bréfin en sagt, að það væri mjög djúpt á þeim, svo ég hafi orð Skúla. Skúli sagði, að þessi lögfræðingur og bankamaður, væri nú orðinn bankastjóri hér í Reykjavík og nefndi hann Guðmund að mig minnir Jónsson, en það mun vera skakkt, annað hvort hjá mér eða Skúla. Það getur ekki verið um annan að ræða en Guðmund Ólafs, bankastjóra Iönaðarbankans. Hann kom til Útvegsbankans, þegar hann var stofnaðar, 1931, og starfaði þar sem lögfræðingur, svo það getur vart farið á milli mála, að það mun hafa verið Guðmundur Ólafs. Skúli sagði, að hann ætti að vita um bréfin, og vissi örugglega um þau, en ekki gat Skúli, þótt hann væri þarna meðeigandi, fengið nein skýr svör um það hvar bréfin væru niður komin. En Skúli þóttist vita það fyrir víst, að þau væru ekki glötuð, heldur geymd í skjalasafni, en hvar var honum ekki ljóst. Hann sagðist hafa rætt þetta nokkrum sinnum við Guðmund, skildist mér, með nokkru ára millibili, en orðið lítils vísari. Skúli sagði að lokum, að réttast væri, að hann drægi fram sín bréf og kumi með þau á raforkumála-skrifstofuna og lofaði okkur að sjá þau. Ég tjaði Skúla, að ég hefði áhuga á því og allri sögu þessa máls.

Þetta var rabbið við Skúla í Bræðaratungu.

Þá er önnur hlið á þessu vatnsréttindamáli, og hún er sú, að bændur þar eystra munu almennt vera farnir að stinga saman nefjum um það hver eigi vatnsréttindi Hvítár. Þeim er öllum að sjálfsögðu ljóst um þessi afsöl, sem farið hafa fram og eru skráð í gjörðabækur Árnессýslu. Þeir hafa einn og fleiri saman sagt mér frá þessu kunnugur, en þeir hafa leyst frá skjóðunni á þann hátt og sagt hiklaust, að vatnsréttindin hafi verið sold fyrir mörgum árum, en þeir samningar séu allir orðnir úreltir og vatnsréttindin muni vera fallin til jarðanra aftur.

En það mun vera álit margra bænda, eða þeirra bænda,
sem hafa ympað á þessu við mig.

Kann ég ekki fleiri tilöindi að segja.

Reykjavík 28. desember 1959,